

**Nd.**

**147. Frumvarp til laga**

um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að gefa út ríkisskuldabréf fyrir allt að 2 milljón-um króna. Ríkisskuldabréf þessi, sem bera 4% ársvexti, eru afborgunarlaus næstu 5 ár, en greiðast því næst með jöfnum afborgunum á 30 árum eftir inn-  
drætti.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um inndráttinn.

**2. gr.**

Skuldabréfum þeim, er um ræðir í 1. gr., skal varið til kaupa á hlutabréf-um í Útvegsbanka Íslands h/f. Þau ein hlutabréf skulu keypt, er sannað verður, að hafi verið gefin út til þeirra manna, er áttu sparisjóðsfé (innlán í bók eða á skirteini) í Íslandsbanka og tekið hafa á móti hlutabréfum sem hluta af þeirri innstæðu. Hlutabréfin skulu keypt við nafnverði.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 30. júní 1935.

**Á s t æ ð u r .**

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt. Krafan um rétting á hluta þeirra sparifjáreigenda, er hér er um að ræða, er þó ekki niður fallin, heldur verður henni án efa haldið áfram þar til lausn fæst á málinu. Að öðru leyti visast til ástæðna fyrir frv. til laga um kaup á hlutabréfum í Út-vegsbanka Íslands h/f, þingskjal 289 frá þinginu 1934.